

## \* Tollflokun

Úrskurður nr. 3/2001

**Deilt er um tollflokun á handfrjálsum búnaði fyrir farsíma sem saman stendur af endurhlaðanlegri rafhlöðu, titrara og hljóðnema/hátalara. Kærandi álitur að tollflokka beri vöru þessa sem rafhlöðu. Tollstjóri flokkar vöruna til þess vöruliðar sem síðastur er þeirra vöruliða sem að jöfnu komu til álitu. Ríkistollanefnd staðfesti niðurstöðu tollstjóra.**

Með bréfi, dags. 8. mars 2001, sem barst nefndinni 9. s.m. og viðbótargögnum þann 12. s.m., kærir A, "Bindandi upplýsingar um tollflokun vöru" nr. 0100010, dags. 19. febrúar 2001, útgefin af tollstjóra. Þar tollflokkar tollstjóri endurhlaðanlega rafhlöðu fyrir farsíma sem hefur innbyggðan titrara og handfrjálstan búnað, þ.e. hljóðnema/hátalara í tnr. 8518.3000. Kærandi gerir kröfu um að varan verði tollflokkuð sem rafhlaða.

Í kröfugerð kæranda kemur m.a. fram að um sé að ræða Lion-lithium 1200mmw rafhlöður er hafi sem aukagetu að gera símann handfrjálstan. Á baki rafhlöðunnar sé rofi sem geri þann búnað óvirkan, því búnaðurinn sé eingöngu notaður þegar ákveðið er að nota eigi símann handfrjálst, t.d. í akstri. Ástæða þess sé sú að það kosti orku að halda hlustuninni vakandi. Rafhlaðan sé langdýrasti hluti þessarar vöru, aðalhlutverk hennar sé að halda símanum virkum. Ef engin sé rafhlaðan þýði ekki að tengja hátalara eða hlust við hann.

Tollstjóra var send kæran til umsagnar með bréfi þann 13. mars 2001. Í svari sem barst nefndinni þann 27. s.m. segir m.a. að tollstjóri ákvarði tollflokun þessarar vöru í tnr. 8518.3000 á grundvelli 1. almennu túlkunarreglu tollskrár. Um sé að ræða samsetta vöru sem sett sé saman úr þremur hlutum sem hver um sig flokkist í sinn vörulið tollskrár. Titrarinn í 8479, endurhlaðanleg rafhlaða í vörulið 8507 og hljóðnema/hátalarasett með eða án magnara í vörulið 8518. Þá segir að við flokkun vara beri að fara eftir almennum reglum um túlkun tollskrár. Komi til álitu að flokka vöru til tveggja eða fleiri vöruliða og þrjú þá eigi í bága við orðalag vöruliða eða athugasemda skuli tollflokun þá fara eftir þriðju túlkunarreglunni. Ekki sé hægt að flokka þessa vöru eftir a-lið 3. túlkunarreglunnar, þar sem hver vöruliða sem til greina komi taki aðeins til hluta vörunnar. Þá komi til álitu að flokka vöruna á grundvelli b-liðar sömu athugasemdar, þ.e. "*eftir því efni eða hluta sem helst einkennir vörunnar, enda verði slíku mati komið við.*" Tollstjóri telur að hugsanlega sé kærandi að vísa til þessarar reglu þegar hann bendir á að rafhlaðan sé meginhluti vörunnar. Tollstjóri er ekki sammála þessu álitu og bendir á að þótt rafhlaðan sé ef til vill dýrasti hluti hinnar samsettu vöru verði líka að líta til virkni vörunnar og einnig þess hvernig framleiðandinn markaðsetur hana. Ljóst sé af þeim bæklingi sem fylgdi kærinni, að framleiðandinn leggi aðaláherslu á handfrjálsta búnaðinn og það að gera fólki kleift að nýta farsímann án þess að þurfa að halda á honum við eyrað. Þá segir að ef ekki sé hægt að meta hvaða hluti helst einkenni vöruna fari flokkun hennar eftir ákvæðum c-liðar þriðju túlkunarreglu tollskrár, þ.e. telja skal "*Þær til þess vöruliðar sem síðastur er þeirra vöruliða sem að jöfnu koma til álitu.*" Þar sem ekki sé hægt að meta hvort einkenni meira vöruna í heild rafhlaðan eða handfrjálsta búnaðurinn krefst tollstjóri þess að tollflokkin verði staðfest með vísan til c-liðar 3. almennu túlkunarreglu tollskrár.

Kæranda var send kröfugerð tollstjóra í málinu með bréfi, dags. 28. mars. Í svari sem barst nefndinni þann 30. s.m. segir m.a. að tollstjóri horfi fram hjá aðalvirkni vörunnar með þessari afstöðu sinni. Það sjái allir sem vilja að rafhlaðan sé aðalhluti þessarar vöru. Það sé hægt að aftengja handfrjálsta búnaðinn, og síminn virki, en ef rafhlaðan sé aftengd þá sé síminn óvirkur, engum að gagni. Þá segir kærandi að nýlega hafi honum borist sending af þessari vöru með flutningsfyrirtæki. Haft var samband við starfsmann þess og honum boðin aðstoð við að tollflokka vöruna. Starfsmaðurinn taldi það óþarft þar sem um sé að ræða rafhlöður. Var hann þá upplýstur um stöðu málsins og að hann yrði að sjá til þess að varan yrði skoðuð af tollverði. Þegar varan hafi verið sótt hafi komið í ljós að hún var tollmerkt eins og rafhlöður og kassinn límdur aftur með límbandri merktu tollstjóra.

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um málið og kynnt sér þau gögn sem málsaðilar hafa lagt fram. Búnaður sá sem hér er deilt um tollflokun á samanstandur af Lithium lion rafhlöðu, hátalara, hljóðnema, magnara og titrara með rofa sem skiptir milli handfrjálstrar notkunar og titrara. Búnaðurinn notar styrkstíli símans til að stilla styrk hátalarans í búnaðinum. Magnarinn í búnaðinum er enn fremur búinn svokölluðum hljóð/radd stýrðum skipti sem slekkur á hátalara þegar talað er og öfugt. Búnaðurinn gerir símann fyrst og fremst handfrjálstan. Eðli hans og helsti kostur er að með notkun búnaðarins er símtækíð orðið handfrjálst. Seljandi auðkennir búnaðinn/vöruna sem tæki til að gera farsíma handfrjálsta. Titrarinn og rafhlaðan eru þar í aukahlutverkum, þrátt fyrir að síminn sé ónothæfur nema með rafhlöðu. Það er mat nefndarmanna að vara sú sem hér er til umfjöllunar og lýst er hér að ofan sé réttléga tollflokkuð í tnr. 8518.3000. Með vísan til 101. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum og til c-liðar 3. gr. almennra reglna um túlkun tollskrár, úrskurðar ríkistollanefnd að hin kærða niðurstaða tollstjóra sem sett var fram í "Bindandi upplýsingar um tollflokun vöru" númer 0100010, dags. 19. febrúar 2001, er staðfest.